



# Áveitan

4. tbl. 19. árgangur. Apríl 2025

## PÁSKABINGÓ

FIMMTUDAGINN 10. APRÍL Í  
ÞINGBORG.

HÚSIÐ OPNAR KL 17:30 OG BINGÓIÐ  
HEFST STUNDVÍSLEGA KL 18:00  
GLÆSILEG PÁSKAEGG Í VINNING.

SPJALDIÐ KOSTAR 500 KR  
ATH AÐ EKKI VERÐUR POSI Á  
STAÐNUM.

10. BEKKUR FLÓASKÓLA VERÐUR MEÐ  
SJOPPU

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

SKEMMTINEFND UMF ÞJÓTANDA



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719  
865-5692

## Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Marsmánuður hefur verið nokkuð tíðindamikill í Flóahreppi.

Í mars var gengið frá ráðningu á tveimur nýjum starfsmönnum á fasteignasviði Flóahrepps en það eru þau Hildur Kristín Hallgrímsdóttir sem verður í hlutastarfi og Sveinn Hafsteinn Gunnarsson sem ráðinn er í fullt starf. Þau munu leysa af starfsmenn sem hafa sinnt húsvörslu í félagsheimilum Flóahrepps síðustu ár og áratugi. Andri Þór Erlingsson, sem sinnti húsvörslu í hlutastarfi frá 2022, lét af störfum um síðustu áramót og Ingibjörg Einarsdóttir, sem hefur starfað í yfir 30 ár við húsvörslu fyrst hjá Hraungerðishreppi og síðar Flóahreppi, mun láta af störfum með vorinu þegar hún nær þeim áfanga að verða sjötug. Á sama tíma og nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir þá færum við þeim starfsmönnum sem eru að láta af störfum kærar þakkir fyrir ómetanleg störf í þágu sveitarfélagsins og íbúa allra. Hildur og Sveinn Hafsteinn munu starfa náið með umsjónarmanni fasteigna og öðrum starfsmönnum sem tengjast fasteignasviðinu en verkefni eru fjölbreytt í fasteignum og á lóðum sveitarfélagsins.

Unnið er að undirbúningi framkvæmda sumarsins en aðal framkvæmdatími sveitarfélagsins er gjarnan frá vori og fram á haust. Fjölmörg verkefni eru framundan í vatnsveitunni svo sem

nýtt dæluhús við Þjóðveg 1, styrking á stofnum, viðhaldsverkefni ásamt nýtengingum vegna nýbygginga. Verið er að undirbúa breytingar á salnum í Þingborg þar sem sviðið verður tekið og gólfpláss í sal stækkað sem því nemur. Með því verður íþróttaaðstaða mun betri ásamt meira rými á stórum viðburðum og í veislum. Gert er ráð fyrir því að setja nýjan dúk á allt gólfið. Hönnuður vinnur að því að teikna upp breytingar á anddyri og salernum í Þjórásarveri en þar er salernisaðstaða komin til ára sinna og munu breytingarnar miða að núverandi starfsemi í húsinu enda er Þjórásarver í dag hluti af skólahúsnæði Flóaskóla, hýsir félagsmiðstöðina, ungmennahús og félagstarf eldri íbúa. Þessu til viðbótar eru ýmis hefðbundin verkefni svo sem málun innan- og utanhúss og mörg smærri viðhaldsverkefni í fasteignum sem sinnt er ýmist af starfsmönnum á fasteignasviði eða með aðkeyptri vinnu.

Unnið er að framtíðarhönnun á skólalóð Flóaskóla og verið er að koma niður nýju leiktæki sem sveitarfélagið gaf Flóaskóla í tilefni 20 ára afmælis skólans. Einnig er verið að skoða kaup á nýjum leiktækjum á lóð leikskólans Krakkaborgar.

Sveitarstjórn ákvað við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025 að fjárfesta í iðnaðarbili fyrir áhaldahús sveitarfélagsins og hefur gengið til samninga við lóðarleiguhafa í Heiðargerði 6 um kaup á tveimur iðnaðarbilum í húsi sem verður reist þar á næstu mánuðum. Þörf fyrir áhaldahús er orðin nokkuð brýn enda er geymslurými og aðstaða fyrir fasteignasvið af skornum skammti. Í dag er verið að notast við þrjá geymslugáma ásamt litlu aðstöðuhúsi við Þjórásarver. Áhaldahús sveitarfélagsins mun nýtast fyrir fasteignasvið, vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljós en allt eru þetta einingar sem heyra undir starfsemi sveitarfélagsins. Mikilvægt er að hafa geymslurými fyrir búnað, áhöld og tækji og aðstöðu til að sinna verkefnum og viðhaldi.

Unnið er að endurskoðun í tengslum við ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2024 en sveitarstjórn mun taka ársreikninginn fyrir í tveimur umræðum á komandi vikum.

Vinna við sameiginlega atvinnustefnu Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps og Hveragerðis eru á lokametrunum og verður spennandi að kynna og birta nýja atvinnustefnu á komandi vikum. Byggðapróunarfulltrúi neðri hluta Árnassýslu hefur haldið utan um þetta verkefni fyrir sveitarfélagsins með aðkomu starfsmanns Háskólafélags Suðurlands og ráðgjafa frá RATA.

Í mars var auglýst eftir verkefnastjóra verklegra framkvæmda í Flóahreppi. Um er að ræða nýtt starf og eru helstu verkefni utanumhald um verklegar framkvæmdir, verkefni sem snúa að nýrri íbúðarbyggð við Þingborg, verkefni vatnsveitu og fleira. Unnið er úr innsendum umsóknum þessa dagana.

Gengið var frá kaupsamningi vegna sölu á Þingborg eldri á dögnum en aðdragandinn að sölu fasteignarinnar hófst í desember 2023 þegar tekin var ákvörðun um að skoða hlutverk og framtíðarnotkun nokkurra fasteigna í eigu sveitarfélagsins. Niðurstaða þeirrar greiningar var m.a. að auglýsa Þingborg eldri til sölu enda nýttir sveitarfélagið húsið ekki undir lögbundin verkefni sveitarfélagsins. Þrjú tilboð bárust í fasteignina og var gengið frá kaupsamningi við hæstbjóðanda en kaupverðið var 72.500.000 kr. Kjörin sveitarstjórn hverju sinni þarf að skoða vel alla anga í rekstri sveitarfélagsins enda er það sveitarstjórnar að fara með ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og um ráðstöfun eigna skv. sveitarstjórnarlögum. Fyrir áhugasama þá verða allar upplýsingar um sölufarlið og stjórnarsýsluferil málsins aðgengilegar undir fundargögnum frá 316. fundi sveitarstjórnar

## Fjör í Flóa 2025

Fulltrúar í íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd eru á fullu að undirbúa vorhátíðina okkar Fjör í Flóa sem haldin verður 30-31. maí í ár. Við hvetjum íbúa til að fylgjast með facebook síðu Fjörs í Flóa og á heimasíðu Flóahrepps. <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/menning/fjor-i-floa>

## Auglýst eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps 2025

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2025 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála. Sækja þarf um styrkinn fyrir 15. apríl. Nánar um styrkveitingu má sjá hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/umsoknir-um-menningarstyrk-2025>

## Stóri plokkgalurinn 2025 og hreinsunarátak

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að taka þátt í Stóra plokkgeginum sem haldinn verður um allt land þann 27. apríl. Það er góður tímapunktur til að hefja allsherjar hreinsunarátak í sveitarfélaginu sem endar svo á opnum dögum á gámasvæðinu í Hrísmýri í maí. Svæðið verður þá opið fyrir íbúa, fasteignaeigendur og atvinnurekendur í Flóahreppi en á þeim dögum þarf ekki að nota inneignarkortið en sýna þarf þó framá að viðkomandi sé að koma úr Flóahreppi t.d með því að sýna kortið. Ekki er lengur í boði að fá gáma heim á bæi á kostnað sveitarfélagsins. Opnu dagarnir verða nánar auglýstir síðar.

*Við hvetjum íbúa í sveitarfélaginu til að taka til hendinni í apríl og maí og nýta sér gámasvæðið til að losna við úrgang sem fellur til utan hefðbundins heimilísúrgangs. Atvinnurekendur eru sérstaklega hvattir til þess að huga að lóðum sínum og fjarlægja lausaffármuni og úrgang af lóðum sínum. Minnum einnig á grenndargámana fyrir gler, málma og textíl við Þingborg og Félagslund.*

Hafi íbúar áhuga á að pantast til sín gáma á eigin vegum er hægt

að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is).

## **Óskum eftir starfsmönnum í vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2025**

Flóahreppur starfrækir vinnuskóla á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá júní og framyfir miðjan júlí. Verkstjórar sumarið 2025 verða Þórunn Sturludóttir Schacht og Ólöf Vala Heimisdóttir. Vinnuskólinn er opinn fyrir unglinga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefnin eru fjölbreytt og aðalstarfsstöðvarnar þrjár eða við Þingborg, Þjórsárver/Flóaskóla og Félagslund. Gert er ráð fyrir því að unglingar fæddir 2009-2011 eigi kost á vinnu í 6 vikur og þeir sem fæddir eru 2012 eigi kost á vinnu í 2 vikur í samráði við verkstjóra.

Sótt er um með rafrænni umsókn sem má finna á heimasíðu Flóahrepps:

<https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps>

*Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að fylla út umsóknina með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband við foreldri til að staðfesta starf við vinnuskólann. Umsóknarfrestur er til afgreiðsluna á skrifstofu Flóahrepps fyrir 23. maí.*

Umsjón og ábyrgð á slætti á opnum svæðum sveitarfélagsins sumarið 2025 verður í höndum Sigurðar Þórs Emilssonar og mun hann vinna náið með verkstjórum vinnuskólans og starfsmönnum á fasteignasviði varðandi fegrun umhverfisins.

### **Fundir sveitarstjórnar í apríl-maí**

Vakin er athygli á breytingum á fundum sveitarstjórnar í apríl-maí vegna páskaleyfis og ársreiknings Flóahrepps 2024 sem þarfnast tveggja umræðna í sveitarstjórn. Fundir sveitarstjórnar verða eftirfarandi á næstu vikum:

1. apríl                      Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar kl. 17:00

7. apríl Aukafundur kl. 17:00  
Fyrri umræða Ársreiknings 2024
15. apríl Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar FELLUR NIÐUR
6. maí Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar kl. 17:00  
Síðari umræða Ársreiknings 2024

Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 á föstudegi fyrir fund.

### **Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:**

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid-sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

*Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.*

### **Opnunartími skrifstofu:**

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opin frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is)

## Húsvarsla í Þingborg og Félagslundir:

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist á netfangið [thingborg@gmail.com](mailto:thingborg@gmail.com).

## Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

*UTU er staðsett á Laugarvatni.*

Almennt netfang: [utu@utu.is](mailto:utu@utu.is)

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

**Vegna seyrulosunar og hreinsunar: [seyra@seyra.is](mailto:seyra@seyra.is) eða sími 480-5550**

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps*



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG**  
**Flóahreppur**

velliðan fyrir alla



## Skógræktarfélag Villingaholtshrepps

Þann 29. apríl nk. kl 19:30  
stefnum við á að halda  
aðalfund okkar.

Staðsetning auglýst  
þegar nær dregur.



**Nýir félagar velkomnir.**

Kveðja  
Stjórnin

### **Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja**

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 9. apríl kl. 20:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem fyrir fundinum liggur að taka afstöðu til frekari sameiningarumleitanna búnaðarfélaga í Flóa. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## **Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps.**

Verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 22. apríl kl. 18:30.

Hefðbundin fundarstörf, kaffi og kruðerí.

Nýjar konur hvattar til að koma og kynna sér starf félagsins.

Hlökkum til að sjá ykkur

Stjórnin

## **Frá Sóknarnefnd Villingaholtskirkju**

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju, fimmtudaginn 10. apríl n.k. kl. 20.00.

Dagskrá fundar:

- Fundargerð síðasta fundar lesin
- Skýrsla formanns sóknarnefndar
- Reikningar sóknar og kirkjugarðs
- Umræður og samþykkt reikninga
- Fréttir frá héraðsnefnd
- Kosningar
- Umræða um framkvæmdir
- Önnur mál

Hvetjum ykkur til að mæta á fundinn.

Sóknarnefnd Villingaholtssóknar

## **Frá Búnaðarfélagi Hraungerðishrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í kaffistofunni í fjósinu á Litla - Ármóti, þriðjudaginn 8. apríl kl 20:30.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Kveðja, stjórnin

## Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

### Auka-Aðalfundur

Boðað er til auka-aðalfundar HRFF sem verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 9. apríl. Fundurinn hefst kl. 20:00. Kaffiveitingar í boði félagsins. Hvetjum við félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Dagskrá aðalfundar:

Kosning fundarstjóra og fundaritara.

Skýrsla stjórnar.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.

Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.

Upphæð félagsgjalds ákveðin.

Inntaka nýrra félaga.

Lagabreytingar, sé þeirra getið í fundarboði.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga samkvæmt 5.gr. laga félagsins.

Kosið er um 3 stjórnarmenn á komandi aðalfundi, formann og 2 stjórnarmenn.

Verðlaunaafhendingar, sé þeirra er getið í fundarboði.

Önnur mál.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er [hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com](http://hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com).  
[Erum líka á Fésbókinni](#)

## Frá nemendum í 10. bekk Flóaskóla

Halló, halló.

Við nemendur í 10. bekk í Flóaskóla erum að safna dósum sem fjáröflun fyrir útskriftarferð okkar nú í maí.

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp eftir páska og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa.

Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn.

Nemendur í 10. bekk í Flóaskóla



# Hestafl verktakar

Nú er vorið handan við hornið.

Við erum klárir í vorverkin og bjóðum upp á alhliða lausnir.

Við erum vel tækjum búnir og tökum að okkur jarðvinnslu,  
gröfu-vinnu, áburðardreifingu, flutninga,  
heyskap og rúllun.

Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Victor Örn S.789-7675



## Tónslökun í Þingborg



### Tímar í Apríl

2.apríl kl. 20-21

14.apríl kl. 20-21

30.apríl kl. 20-21

KarA yoga í samstarfi við  
menningarnefnd Flóahrepps  
standa fyrir tónslökun

3 skipti í apríl

Verð kr 6.000 / 3 skipti

Stakur tími kr 2.500

Skráning er hafin á

FB : Tonheilun Yoga

karolaxelsdottir@gmail.com

sigrunhrefna@gmail.com

Dýnur, teppi og púðar á staðnum



### Tónslökun

Er tegund hugleidslu  
þar sem hljóðbylgjur frá  
hljóðfærum  
eins og gong  
og tónskálum  
studla að  
vellíðan og slökun  
Verið hjartanlega velkomin

Leyfðu þér

Njóttu

augnabliksins

## Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps heldur aðalfund sinn í Félagslund, miðvikudaginn 23. apríl n.k. kl 20:00.

Hefðbundin aðfundarstörf.

Boðið verður upp að kaffiveitingar.

Stjórnin

## 47. Flóahlaupið 2025

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 12.apríl við Félagslund. Ræst verður kl 11:30. ATH. Ný tímasetning miðað við síðustu ár! Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á [hlauf.is](http://hlauf.is) en félagsmenn í Umf. Þjótanda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki að borga þáttökugjaldið og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum-mæta þá tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. ENGINN posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin





## Flóakorn – aðalfundur

Flóakorn ehf. heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 15. apríl á Stóra Ármóti kl. 20:00. Á fundinn eru boðaðir allir hluthafar auk þess sem annað áhugafólk um kornyrkju er velkomið.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Sigurbjörn R. Guðmundsson frá Eimverki – brugghúsi segir frá starfsemi fyrirtækisins sem byggir framleiðslu sína á ræktun og verkun á íslensku byggi.

Stjórnin

## Kvenfélagskonur á skyndihjálparnámskeiði

Laugardagsmorguninn 29.mars mættu 16 kvenfélagskonur á skyndihjálparnámskeið í Þingborg. Frumkvæði að námskeiðinu hafði kvenfélag Hraungerðishrepps og buðu þær öðrum kvenfélögum í Flóahrepp að vera með.

Kennari námskeiðisins var Anna Margrét Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur. Farið var yfir alla helstu þætti skyndihjálpar meðal annars notkun á hjartastuðtækjum en slík tæki eru í Þingborg, Félagslundi og Þjórsárveri og voru keypt fyrir nokkrum árum af sveitarfélaginu og kvenfélögunum þremur í hreppnum.

Námskeiðið var fræðandi, eflandi og skemmtilegt.



# Fjör í Flóa



30-31. maí 2025

Lumar þú nokkuð á



- Skemmtilegri gönguleið í Flóahreppi fyrir kvöldgönguna okkar ?



- Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum ?



- Afurðum beint frá býli ?



- Langar þig að hafa opið hús ?



- Fallegu handverki til sölu eða sýnis ?



- Skemmtilegum hugmyndum ?

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA

FRÁ ÞÉR

RÚNAR S.898-1535

HARPA S.848-7713

SIGRÚN S.862-1574



Finndu okkur á : FB Fjör í Flóa & Instagram Menning i Flóa



Kvenfélögin í  
Flóahreppi

HEILSUEFLANDI  
samfélag  
vettúan fyrir alla



## Fréttir frá Flóaskóla

Marsmánuður hófst með prenningunni bolludegi, sprengidegi og öskudegi. Fyrst voru borðaðar bollur í öll mál, síðan tóku við saltkjöt og baunir og á öskudaginn var boðið upp á sælgæti þegar búið var að slá köttinn úr tunnunni. Nemendur og starfsfólk klæddi sig upp í tilefni dagsins og slegið var upp öskudagsballi.



14.3. var svo alþjóðlegur dagur stærðfræðinnar. Hefð er fyrir að vinna að stærðfræðiverkefnum þann dag og gefa samtök stærðfræðikennara út verkefni sem tengjast alþjóðlegu þema hvers árs. Í ár var þemað stærðfræði, listir og sköpun. Auk ýmissa verkefna tengdum stærðfræði og listum bauðst öllum nemendum að spreyta sig á stærðfræðipraut þar sem giskað var á þyngdir nokkurra íláta.



Í samstarfi leik- og grunnskóla voru tvær heimsóknir í mánuðinum, elstu nemendur Krakkaborgar komu í heimsókn í Flóaskóla og síðan var hist í Skagási í verkefninu skemmtilega Gullin í grenndinni.

Í febrúar var lögð fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem foreldrum gafst kostur á að segja sína skoðun á skólastarfinu og liggja niðurstöður þeirrar könnunar fyrir. Þegar á heildina er lítið virðast foreldrar almennt mjög sáttir við skólastarfið í Flóaskóla.

Nemendur í 4.-10. bekk tóku þátt í Íslensku æskulýðsrannsókninni í febrúar og nemendur í 10. bekk taka svo þátt í PISA könnun í apríl. Þannig að mat á skólastarfinu og líðan nemenda er sífellt í gangi.

10. bekkurinn okkar fór til Danmerkur 23. mars og dvaldi þar í viku í samstarfi við félag sína í Gudenåskolen í Danmörku.



Heimsóknin gekk mjög vel og var lærdómsrík fyrir alla. Hluta tímans var varið í Kaupmannahöfn þar sem hópurinn fór í klifur, hjólaferð um borgina og siglingu þar sem þau sáu litlu hafmeyjuna og óperuhúsið. Amelíuborg og Þinghúsið voru líka skoðuð á gönguferðum hópsins um borgina.



Viðamesta verkefni aprílmánaðar er leiksýning 1.-7. bekkja á Grease. Síðustu vikur hafa nemendur og starfsfólk yngsta og



miðstigs unnið að undirbúningi leiksýningar á Grease. Verkið verður flutt fimmtudaginn 3. apríl kl 9:30. Höfundar verksins eru

þeir Varren Casey og Jim Jacobs en leikgerðin er í höndum Hallfríðar Óskar Aðalsteinsdóttur. Að venju er um örlitla staðfærslu að ræða og þau Sandy og Danni er að sjálfsögðu í Flóaskóla og einhverjum kunnuglegum nöfnum bregður fyrir í sýningunni. Mikil vinna hefur farið í undirbúning, leikmuna og búningagerð, söngæfingar og textavinnu, auk fjölmargra leikæfinga.

Skólaping verður haldið miðvikudaginn 9. apríl, þar taka þátt nemendur í 6.-10. bekk og þeir kennarar sem koma að þeim bekkjum. Viðfangsefnið að þessu sinni eru niðurstöður

nemendakönnunar Skólapúlsins og ýmis málefni er varða skipulag skólastarfsins.

Í lok aprílmánaðar þann 29. verður skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk haldin í Flóaskóla þar sem fulltrúar okkar skóla verða valdir. Þeir fulltrúar taka svo þátt fyrir hönd skólans í lokakeppninni sem fer fram í Flúðaskóla í byrjun maí.

Námsferð starfsmanna er á dagskrá 30. apríl til 4. maí. Ferðinni er heitið til Brighton þar sem við kynnum okkur leiðsagnarnám og förum síðan á útikennslunámskeið.

Töluverðar framkvæmdir eru á skólalóðinni þessa dagana. Útikennslustofur fyrir utan smíða- og heimilisfræðistofu er nánast fullbúnar og svo er hafin uppsetning á klifurgrind sem skólinn fékk að gjöf á afmælinu.

Eins og sjá má eru viðfangsefnin fjölmörg og fjölbreytileg eins og jafnan áður.

Vorið er svo rétt handan við hornið  
Bestu kveðjur úr Flóaskóla  
Þórunn Jónasdóttir

## Úrslit móta Bikarkeppni FRÍ innanhús 1.mars 2025 Hafnarfjörður

Þjótandi átti tvo fulltrúa í liði HSK/SELFOSS. Það voru bræðurnir Helgi og Sigurjón Reynisson. Helgi keppti í stangarstökki, stökk 3,70 m sem gaf honum 5. sæti og 5 stig. Sigurjón keppti í 400 m, hljóp á 54,73 sek sem gaf honum 7. sæti og 3 stig. Liðið endaði í 4. sæti með 101 stig.

## Bónus mót FH 29.mars 2025 Hafnarfjörður

### 60m hlaup piltar 10 ára

4.sæti 9,93 sek Héðinn Fannar Höskuldsson PB

35.sæti 11,73 sek Sölvi Þór Magnússon PB

37.sæti 11,85 sek Kolbeinn Sturluson Schacht

### **Langstökk piltar 10 ára**

3.sæti 3,49 m Héðinn Fannar Höskuldsson PB  
27.sæti 2,79 m Sölvi Þór Magnússon PB  
28.sæti 2,79 m Kolbeinn Sturluson Schacht PB

### **200m hlaup piltar 10 ára**

2.sæti 35,02 sek Héðinn Fannar Höskuldsson PB  
31.sæti 41,86 sek Kolbeinn Sturluson Schacht PB  
40.sæti 45,38 sek Sölvi Þór Magnússon PB

## **Héraðsleikar HSK 15.mars 2025 Selfoss**

### **60m hlaup piltar 8 ára og yngri**

1.sæti 11,66 sek Ernir Kristberg N. Jakobsson  
3.sæti 11,78 sek Einar Waltersson  
7.sæti 11,98 sek Emmanúel Sveinn Víkingsson  
14.sæti 12,69 sek Guttormur Ólafarson  
16.sæti 12,82 sek Birnir Þór Hlíðdal

### **Langstökk piltar 8 ára og yngri**

9.sæti 2,27 m Ernir Kristberg N. Jakobsson  
10.sæti 2,27 m Guttormur Ólafarson  
13.sæti 2,19 m Emmanúel Sveinn Víkingsson  
15.sæti 2,14 m Einar Waltersson  
19.sæti 2,02 m Birnir Þór Hlíðdal  
24.sæti 1,70 m Stefán Eðvald Guðmundsson

### **60m hlaup piltar 9 ára**

1.sæti 10,45 sek Kristján Þórarinn Andrason PB  
4.sæti 11,28 sek Gísli Brynjar Ágústsson PB

### **Langstökk piltar 9 ára**

1.sæti 3,15 m Kristján Þórarinn Andrason PB  
5.sæti 2,83 m Gísli Brynjar Ágústsson PB

### **Kúlvarp 2 kg piltar 9 ára**

1.sæti 6,45 m Kristján Þórarinn Andrason  
4.sæti 5,21 m Gísli Brynjar Ágústsson

### **60m hlaup piltar 10 ára**

3.sæti 10,57 sek Héðinn Fannar Höskuldsson  
8.sæti 11,50 sek Kolbeinn Sturluson Schacht  
10.sæti 11,62 sek Einar Hörður Haraldsson PB  
12.sæti 12,09 sek Sölvi Þór Magnússon

### **Hástökk piltar 10 ára**

4.sæti 1,05 m Héðinn Fannar Höskuldsson  
7.sæti 0,95 m Kolbeinn Sturluson Schacht  
9-10.sæti 0,95 m Einar Hörður Haraldsson

#### **Langstökk piltar 10 ára**

4.sæti 3,05 m Héðinn Fannar Höskuldsson  
9.sæti 2,70 m Sölvi Þór Magnússon  
10.sæti 2,56 m Kolbeinn Sturluson Schacht  
12.sæti 2,20 m Einar Hörður Haraldsson

#### **Kúluvarp 2 kg 10 ára**

4.sæti 6,05 m Héðinn Fannar Höskuldsson PB  
5.sæti 5,99 m Kolbeinn Sturluson Schacht PB  
6.sæti 5,92 m Einar Hörður Haraldsson  
10.sæti 5,16 m Sölvi Þór Magnússon PB

#### **60m hlaup stúlkur 8 ára og yngri**

4.sæti 12,01 sek Inga Lilja Haraldsdóttir PB

#### **Langstökk stúlkur 8 ára og yngri**

4.sæti 2,74 m Inga Lilja Haraldsdóttir

#### **60m hlaup stúlkur 9.ára**

6.sæti 13,13 sek Dalía Lórey Ketel

#### **Langstökk stúlkur 9 ára**

3.sæti 2,28 m Dalía Lórey Ketel

#### **Kúluvarp 2 kg stúlkur 9 ára**

4.sæti 3,20 m Dalía Lórey Ketel

#### **60m hlaup stúlkur 10.ára**

5.sæti 11,04 sek Lilja Reynisdóttir PB  
7.sæti 13,32 sek Rakel Ýr Sigmarsdóttir  
8.sæti 13,39 sek Brynhildur Katrín Franzdóttir

#### **Hástökk stúlkur 10.ára**

4.sæti 1,00 m Rakel Ýr Sigmarsdóttir  
6.sæti 0,95 m Lilja Reynisdóttir  
7.sæti 0,85 m Brynhildur Katrín Franzdóttir

#### **Langstökk stúlkur 10.ára**

4.sæti 2,96 m Lilja Reynisdóttir  
5.sæti 2,78 m Brynhildur Katrín Franzdóttir PB  
6.sæti 2,77 m Rakel Ýr Sigmarsdóttir PB

#### **Kúluvarp 2 kg stúlkur 10.ára**

3.sæti 5,47 m Lilja Reynisdóttir PB  
6.sæti 4,75 m Brynhildur Katrín Franzdóttir PB  
7.sæti 4,55 m Rakel Ýr Sigmarsdóttir

# Víðavangshlaup Þjótanda

## Sumardaginn fyrsta

Hlaupið verður á Þjósárþökkum og lagt af stað við afleggjarann að Árprýði.

Skráning fer fram á staðnum og hefst kl. 13:30 en hlaupið verður ræst kl. 14:00

Að loknu hlaupi fá keppendur þátttökuverðlaun og boðið verður upp á svaladrykk. Sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fá farandverðlaunagrip.

**Fögnum sumri á heilsueflandi hátt. Hlaupið er um 1500 m langt og hentar fólki á öllum aldri. Hver fer á sínum hraða.**



24.apríl  
kl. 13:30

Við vonumst til að sjá sem flesta. Stjórn Umf. Þjótanda

### Frá Sauðfjárræktarfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Lyngholti mánudaginn 14. apríl n.k. 20:00. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórnin

## Glímufréttir

Glímuæfingar verða í Félagslundum á mánudagskvöldum í apríl milli 20 og 21 fyrir utan annan í páskum og verður fyrsta æfingin 31. mars.

Dýnukostur Þjótanda hefur verið endurnýjaður. Allir velkomnir. Þjálfari er Stefán Geirsson.

Héraðsglíma HSK verður haldin í íþróttahúsinu á Hvolsvelli miðvikudaginn 9. apríl kl. 17:30.



## Árangur á mótum

### Grunnskólamót HSK

Grunnskólamót HSK var haldið í Reykholti 12. febrúar. Flóaskóli átti tvo keppendur í 6. bekk stúlkna. Kristín María Sigurðardóttir sigraði flokkinn og Ásgerður Saga Stefánsdóttir hafnaði í öðru sæti.



### Íslandsmót GLÍ

Íslandsmót GLÍ í glímu var haldið á Hvolsvelli 8. mars. Kristín María og Saga voru aftur á ferðinni þar og hafnaði Kristín í 2. sæti og Saga í því 3. í flokki 11 - 12 ára stúlkna.



## Messur í kirkjum Flóahrepps í apríl

### Laugardælakirkja

17. apríl – skírdagur – messa með altarisgöngu kl. 14:00.

### Villingaholtskirkja

20. apríl – páskadagur, hátíðarmessa kl. 11:00.

### Hraungerðiskirkja

21. apríl – annar páskadagur, hátíðarmessa kl. 11:00.

### Gaulverjabæjarkirkja

21. apríl – annar páskadagur, hátíðarmessa kl. 14.00

## Stóri Plokkdagurinn

verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn 27. apríl n.k. um allt land. Þetta er árlegur viðburður þar sem einstaklingar, hópar, félagasamtök og sveitarfélög taka höndum saman í þágu umhverfisins með því að plokka rusl í sínu nærumhverfi.

Hvetjum við fólk til að taka til hendinni og taka skemmtilegar myndir í leiðinni. Við ætlum að standa fyrir myndasamkeppni þar sem vinningar verða í boði fyrir skemmtilegar plokk -myndir. Myndirnar má senda á netfangið [info@skalatjorn.is](mailto:info@skalatjorn.is).

Umhverfis og  
samgöngunefnd.





## Dagskrá mánaðarins:

Fundur sveitarstjórnar	1. apríl
Tónslökun í Þingborg	2. apríl
Fundur sveitarstjórnar	7. apríl
Glímuæfing í Félagslundi	7. apríl
Aðalfundur Búnaðarf. Hraungerðishrepps	8. apríl
Aðalfundur Búnaðarf. Gaulverja	9. apríl
Auka-aðalfundur Hrossaræktarf. Flóahrepps	9. apríl
Páskabingó Umf Þjótanda	10. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	10. apríl
Flóahlaupið	12. apríl
Tónslökun í Þingborg	14. apríl
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Villingah.hr.	14. apríl
Glímuæfing í Félagslundi	14. apríl
Aðalfundur Flóakorns	15. apríl
Messa með altarisgöngu í Laugardælakirkju	17. apríl
Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju	20. apríl
Hátíðarmessa í Hraungerðiðskirkju	21. apríl
Hátíðarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	21. apríl
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	22. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	23. apríl
Víðavangshlaup Umf Þjótanda	24. apríl
Stóri plokkgdagurinn	27. apríl
Glímuæfing í Félagslundi	28. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps	29. apríl
Tónslökun í Þingborg	30. apríl

Þjótandaæfingar 2. - 4. bekkur	4., 11. og 25. apríl
Þjótandaæfingar 5. - 7. bekkur	1., 8., 22. og 29. apríl
Þjótandaæfingar 8. - 10. bekkur	2., 9., 23. og 30. apríl